

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, Árnæs.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Breytingin varðar svæði við Árnæs:

Norðan Þjóðvegur 32 er felld niður framtíðarþéttbýlissvæði en gert ráð fyrir tveimur svæðum blandaðrar landnotkunar þéttbýlis (íbúðarhúsa) og landbúnaðar.

Afmörkun frístundabyggðarsvæðis norðan Þjóðvegur er breytt og frístundabyggðarsvæði við Kálfá er stækkað til norðurs en útivistarsvæði til sérstakra nota verður á Reykjanesi.

Sunnan Þjóðvegur 32 er gert ráð fyrir þremur svæðum blandaðrar landnotkunar þéttbýlis og landbúnaðar auk iðnaðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.